

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Fjallabyggðar, nr. 138/2018, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. samþykktarinnar:

- a. Við D-lið 46. gr. samþykktarinnar bætist nýr 9. töluliður, svohljóðandi:
Umdæmisráð barnaverndar. Samkvæmt samningi um rekstur umdæmisráðs landsbyggða skipa aðildarsveitarfélögin fimm manna valnefnd sem fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár.
- b. Við D-lið 46. gr. samþykktarinnar bætist nýr 10. töluliður, svohljóðandi:
Barnaverndarþjónusta á Mið–Norðurlandi. Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu á Mið–Norðurlandi fer sveitarfélagið Skagafjörður með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2022 sem ekki eru falin öðrum.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 21. mars 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.